

Lögregla stóreflir leit að týndum börnum með sérstöku verkefni



Að meðaltali hefur verið tilkynnt um 17,6 týnd börn það sem af er ári 2015. mbl.is/Júlíus Sigurjónsson

Fimm mál eru á rannsóknarstigi hjá sérstöku verkefni innan ofbeldis- og kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en rúmlega fjórir mánuðir eru liðnir frá því að tilraunaverkefninu var hleypt af stokkunum. Málin fimm snúa öll að börnum undir 18 ára aldri en verkefnið, sem hófst þann 1. nóvember á síðasta ári, stendur yfir í 12 mánuði og á að leiða af sér breytt verklag og stórefla leit að týndum börnum. Að meðaltali hafa 17,6 börn verið tilkynnt týnd í hverjum mánuði það sem af er ári 2015.

Undir forystu Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, var verkefninu komið á fót og er því ætlað að breyta verklagi lögreglu við leit að týndum börnum. Aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var gestur á málþingi Geðhjálpar og Oln-

bogabarna á Grand Hótel Reykjavík í morgun.

„Í fyrra létust nokkur ungmenni sem tengjast aðilum úr þessu umhverfi sem við hefðum þurft að vinna betur í,“ sagði aðalvarðstjórinn í erindi sínu. Áður var ekki lögð eins mikil vinna í leit að börnum, sem tilkynnt höfðu verið týnd, líkt og nú er gert, eftir tilkomu verkefnisins. Tveir þriðju þeirra sem tilkynntir eru týndir eru stúlkur og meðalaldurinn 15 ár. Þegar lögreglu berst tilkynning um týnt barn fer lögregluþjónn á stúfana og ræðir við þá sem grunaðir eru um að hýsa viðkomandi og eins við þá sem til þekkja innan umhverfisins sem börnin finnast iðulega í.

„Vilja ekki fá mig aftur í heimsókn“

Í 193. grein almennra hengingarlaga segir að „hver, sem sviptir foreldra eða aðra rétta aðilja valdi eða umsjá yfir barni, sem ósjálfráða er fyrir æsku sakir, eða stuðlar að því, að það komi sér undan slíku valdi eða umsjá, skal sæta sektum ... eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt.“ Aðalvarðstjórinn segir því refsirammann sem snúi að því að hýsa börn eða aðstoða þau við að koma sér undan forræði foreldra vera þungan. Þetta ákvæði hengingarlaganna kynnir hann oft fyrir einstaklingum sem grunaðir eru um að hýsa börnin og hefur það komið fyrir að einstaklingar séu látnir skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeim hafi verið kynnt ákvæðið.

„Þegar ég fæ beiðni skoða ég hverjir eru félagar og hver saga krakkanna sé. Ég byrja að hringja eða byrja að banka og þeir sem eru með eitthvað óhreint í pokahorninu vilja ekki fá mig aftur í heimsókn,“ segir aðalvarðstjórinn en fram kom í erindi hans að eitt af hverjum fjórum leitarmálum krefjist mikillar vinnu. Börnunum sem leitað er að má skipta í fjóra flokka: þau sem eigi við fíkniefnavanda að stríða, mjög veika krakka, óþekka krakka eins og aðalvarðstjórinn orðar það og krakka sem flýja heimilisáðstæður. Tveir þriðju hluti barnanna fer aftur heim til sín en þriðjungur í neyðarvistun á Stúðlum. Síðarnefnda úrræðinu er sérstaklega beitt þegar krakkarnir finnast í mikilli neyslu.

Hættulegustu einstaklingarnir voru í neyslu

Aðalvarðstjórinn vék máli sínu að staðalímyndum. Hann segir hugmyndina um að sextugir menn í blokkaribúð séu að hýsa börnin ekki eiga samleið með raunveruleikanum, í það minnsta sé hann ekki búinn að heimsækja slíkan einstakling frá því að verkefnið hófst. „Hættulegustu einstaklingarnir í dag voru í neyslu og slíku. Þeir eru staðnaðir í þroska og umgangast áfram yngri stelpur. Um leið og það kemur einstaklingur sem sýnir þessa hegðun þá fer hann í raun á lista. Við erum með tvö mál sem eiga eftir að fara til skoðunar varðandi ákæru gagnvart svona strákum. Það á eftir að koma í ljós hvernig dómstólarnir taka á því,“ segir aðalvarðstjórinn. Kostnaður við umfangsmestu leitaraðgerðir lögreglu hleypur á bilinu 350 til 450 þúsund krónur og kemur það fyrir tvisvar til þrisvar í mánuði að lögregla þurfi að ráðast í slíkar leitaraðgerðir.